

HVERFISRÁÐ LAUGARDALS

Ár 2017, mánudaginn 28. ágúst 2017 kl. 16.00 var haldinn 155. fundur hverfisráðs Laugardals. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis við Efstaleiti 1. Viðstödd voru: Heiðar Ingi Svansson formaður, Bjarni Jónsson, Kristín Elfa Guðnadóttir, Elín Engilbertsdóttir og Sigurður Þórðarson áheyrnarfulltrúi. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Lilja Sigrún Jónsdóttir formaður Íbúasamtaka Laugardals, Sigtryggur Jónsson framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis, og Helga Margrét Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri þekkingarstöðvar ÞLH, sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf frá umhverfis- og skipulagssviði, dags. 18. júlí 2017, varðandi breytingar á deiliskipulagi Vogabyggðar svæði 2. Í breytingunni felst að auka byggingarmagn neðanjarðar.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Er tryggt að með þessu aukna byggingarmagni sé áfram fylgt þeirri stefnu borgarinnar að auka framboð á litlum og ódýrum íbúðum í hverfinu?

2. Fram fer umræða um samstarfsyfirlýsingu um heilsueflingarstarf innan hverfa.
3. Fram fer umræða um framkvæmdir á aðkomu og bílastæðum við leikskólann Steinahlíð.
4. Lagðar fram umsagnir um Tónlistarhátíðina Secret Solstice 2017.

Hverfisráð Laugardals leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Laugardals gerir alvarlegar athugasemdir við það verklag og vinnubrögð tónleikahaldara Secret Solstice að auglýsa hátíðina fyrir árið 2018 og hefja miðasölu án samráðs við borgina. Einnig er dagsetning hátíðarinnar fyrir næsta ár þ.e.a.s. 21.-24. júní ákveðin án samráðs við borgina og líka tímalengd hennar þ.e.a.s. 4 dagar sem ákveðið var að leyfa aðeins tímabundið, árið 2016 og aftur núna í ár. Þessi einhliða ákvörðun tónleikahaldara er ekki í samræmi við fyrri yfirlýsingar þeirra um mikinn vilja til samráðs við íbúa hverfisins og hagsmunaaðila. Þar sem frestur hagsmunaaðila til að skila inn umsögnum vegna hátíðarinnar í ár rennur út 1. september n.k. þá getur Hverfisráð Laugardals ekki lokið sinni umsögn fyrr en að þeim fresti liðnum. Sú vinna mun m.a. felast í því að vinna úr þeim umsögnum og athugasemdum m.a. frá heilbrigðiseftirliti, lögreglu, Íbúasamtökum Laugardals, Þrótti o.fl. sem þá munu liggja fyrir.

5. Fram fer kynning á útimarkaði Íbúasamtaka Laugardals 26. ágúst s.l.

Fundi slitið kl. 17.10

Heiðar Ingi Svansson

Bjarni Jónsson
Kristín Elfa Guðnadóttir

Elín Engilbertsdóttir